

Starfsáætlun Víðiholts.

Skólaárið 2017 – 2018

Fjöldi barna á deildinni 25, fædd 2015

Kennarar á deildinni eru:

Dóra Rún Deildarstjóri

Eva Dís leikskólakennari

Mínerva Björg leiðbeinandi

Agata Kristín b.ed. í leikskólakennarafræðum

Halla Bryndís leiðbeinandi

Sara Mist félags- og tómstundafræðingur

Skólaárið 2017-2018

Á Víðiholti vinnum við með heilbrigði og vellíðan, læsi og samskipti, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menningu. Við fléttum inn í starfið SMT skólafærni, Tákn með tali (TMT) og styrkingu sjálfsmyndar. Unnið er með þemað „ég sjálfur“. Við höfum til hliðsjónar Skólastefnu Akureyrarbæjar, Aðalnámskrá leikskóla og Lög um leikskóla.

Okkur finnst mikilvægt að dagarnir séu fyrirfram rammaðir inn þannig að börnin, foreldrarnir og starfsmenn viti hvað er fyrirhugað á hverjum degi. Því gerum við dagatal þar sem merkt eru inn helstu viðfangsefni, eins og hópastarf, uppákomudagar og annað sem til fellur. Tvisvar í viku er farið í hópastarf, einn dag vikunnar er listasmiðja og einn dag vikunnar er hreyfing. Föstudagar eru uppákomudagar.

Við gerum stundaskrá fyrir daginn, bæði sem snýr að börnunum og starfsmönnum. Mikilvægt að foreldrar viti hvað er verið að gera hverju sinni og eins verður að vera skýr verkaskipting á milli starfsmanna og afleysingafólks sem kemur til okkar.

Við ætlum að efla alhliða þroska barnanna með gleði, sanngirni og vinnusemi.

Við notum vandað málfar og bjóðum upp á þroskandi viðfangsefni og efnivið.

Við leggjum áherslu á að börnin læri að virða sjálf sig og aðra.

Aðaláhersla í starfinu er barnið sjálft.

SMT: VIÐ ERUM TIL FYRIRMYNDAR er SMT einkunnarorð okkar í Pálmholti.

Við vinnum með SMT agakerfi. Við temjum okkur þá orðræðu sem þar er viðurkennd og erum með markvissa kennslu á reglum í hópastarfinu.

- ✓ Við leggjum áherslu á að kenna börnunum “réttu” leiðina í samskiptum.
- ✓ Við gefum skýr fyrirmæli, erum vingjarnleg, nákvæm og notum fá orð.
- ✓ Við kennum reglur með virkum hætti, sýnum og æfum reglurnar með börnunum.
- ✓ Við höfum reglurnar sýnilegar með því að hafa leiðbeinandi myndir á veggjum.
- ✓ Við minnum á reglurnar án þess að vera með óþarfar endurtekningar eða tuð.
- ✓ Við gefum börnunum jákvætt val—“hvort vilt þú sitja hjá mér eða á þínu svæði”.

- ✓ Við notum félagslega hvatningu, - bros, þumall, fimmu, knús ofl.
- ✓ Við hrósum nákvæmt.
- ✓ Við notum jákvæða styrkingu, gefum bros eða önnur tákni til að styrkja og auka tíðni jákvæðrar hegðunar (setjum orð á hegðunina).

Við vinnum að lausnaleit:

- Hvað er hægt að gera?
- Hver er kosturinn við leiðina sem við veljum?
- Hver er gallinn við þá leið?

Við höfum eftirlit, við fylgjumst með börnunum til að tryggja öryggi þeirra og leitumst við að grípa tækifærin til að leiðrétta neikvæða og styrkja jákvæða hegðun.

Við setjum mörk með mildum og sanngjörnum leiðum og notum SMT verkfæri til að leiðrétta óæskilega hegðun.

Við sýnum tilfinningastjórn. Við erum fyrirmyndir barnanna í öllu sem við segjum og gerum!

Tákn með tali (TMT):

Í Pálmholti notum við Tákn með tali með börnunum í samverustund. Það táknakerfi styður mjög vel við talað mál og aðstoðar börnin við að ná textum og orðum.

Lubbi finnur málbein:

Í Pálmholti er stuðst við námsefnið Lubbi finnur málbein. Námsefnið ýtir undir hljóðnám, hljóðavitund og stafabekkingu ásamt fleiri undirstöðuþáttum fyrir lestrarnám. Á Víðiholti er helst verið að nýta þetta námsefni í formi söngva.

Útivera:

Við förum út með barnahópinn að minnsta kosti einu sinni á dag nema ef veður eða annað hamli.

Við eflum sjálfshjálp barnanna í fataherbergi, hvetjum þau til að fara sjálf úr og í hlífðarfatnað. Við horfum í náttúrufyrirbæri eins og árstíðir og veður og hvetjum til rökhugsunar, - af því að veður er svona þá verð ég að fara í....

Í útiveru hvetjum við til hreyfingar, við hoppum, hlaupum, klífrum, skríðum og erum í frjálsum leik.

Vð hvetjum og styðjum við allskonar hönnunarvinnu, t.d. snjókarlagerð, gröfum skurði, byggjum úr sandi ofl.

Við vekjum athygli barnanna á allskonar fyrirbærum í náttúrunni, fuglum, flugum, gróðri, veðurfari, byggingum ofl.

Ég sjálfur

Unnið er með þemað ég sjálfur yfir allt skólaárið og við útfærum það inn í starf deildarinnar. Við ræðum meðal annars um líkamsparta og notum tónlist og syngjum lög sem tengjast þemanu. Við lesum sögur og ræðum um tilfinningar og svipbrigði.

Markmið með þemanu er að:

- ✓ barnið læri að bera virðingu fyrir sjálfu sér og öðrum.
- ✓ Styrkja sjálfsmynd barnsins, öryggi og kenna því að leysa mál sín á friðsamlegan hátt.
- ✓ Að auka skilning barnsins á líkama sínum, líkamshlutum og starfsemi þeirra.
- ✓ Barnið læri og kynnist vináttu, að barnið upplifi sig sem hluta af vinahóp og eigi vini í leikskólanum.

Hópastarf:

Hópastarf er tvisvar í viku en í hópastarfi kennum við börnunum í litlum hópum. Þar leggjum við áherslu á vináttu innan hópsins, leika og vinna saman, læra að bíða smá. Við kennum þeim að deila með sér og vera góð hvert við annað.

Við vinnum með ólíkan og margvíslegan efnivið og viðfangsefnin verða fjölbreytt og markviss.

Við römmum hópastarfið inn með því að hafa þar fasta liði, t.d. hefjum við stundina alltaf með því að heilsast, syngja vinalag, og lesa litla sögu. Við endum svo á að þakka fyrir okkur og rifja upp hvað var gert í hópastarfi.

Hóparnir skiptast á svæðum/herbergjum sem bjóða upp á ólíka möguleika og er hópunum tryggður vinnufriður.

Við leggjum inn SMT reglur í hópastarfinu og leggjum okkur fram um að nota í daglegu amstri það sem lagt hefur verið inn.

Allt skólastarfið á að fela í sér:

Heilbrigði og vellíðan:

Við æfum börnin í samleik og eflum sjálfstraust þeirra. Við eflum sjálfsbjargarviðleitni þeirra með því að leyfa þeim að hjálpa sér sjálfum eftir getu og styðja þau við erfiðu hlutina.

Börnin læra á líkama sinn og getu. Þau fá góða útiveru og eru hvött til að hreyfa sig mikið og fjölbreytt.

Við leggjum áherslu á hreinlæti, hollt mataræði og lífsgleði.

Læsi og samskipti:

Við lesum bækur, förum með þulur, syngjum og leikum með orð, rím og hljóða leikjum. Við kennum hin ýmsu hugtök eins og hollt-óhollt, lítill-stór, mikið - lítið og að telja.

Við kennum börnunum að skipast á að tjá sig og að hlusta þegar annar hefur orðið.

Við styrkjum börnin í að lesa í eigin líðan og tilfinningar, við kennum við þeim að skynja líðan annarra, - Palli grætur af því hann meiddi sig.

Stærðfræði:

Börninn kynnast stærðfræðilegum hugtökum eins og tölum og stærðum með aðstoð laga, umræðu og bóka. Börnin læra að telja, skoða fjölda, lögun og stærð hluta.

Notast er við MIO stærðfræði skimun en markmið með skimun er að finna þau börn sem þurfa aðstoð. Börnin eru skoðuð þegar þau eru 2 ½ árs.

Sjálfbærni og vísindi:

Pálmholt er grænánaskóli. Við kennum börnunum að bera virðingu fyrir umhverfinu, við kennum þeim að til að mynda að flokka matarafanga og komum þeim í endurvinnslu, annars vegar sem dýrafóður og hins vegar í moltugerð.

Við notum mikið endurvinnanleg efni, börnin læra að flokka það sem til fellur, við ræktum kartöflur og rabbabara. Við fræðum þau um hvers vegna það er gert.

Sköpun og menningu:

Við viljum að nemendur njóti þess að taka þátt í skapandi ferli og gætum þess að sýna sköpunarferli þeirra og verkum áhuga. Við veitum tækifæri til sköpunar og tjáningar með fjölbreyttu umhverfi. Við spyrjum hvetjandi spurninga, erum dugleg að hrósa og höfum verkin sýnileg.

Við kynnum fjölbreyttan efnivið fyrir nemendum og notum ýmsa tækni, svo sem myndvarpa, upptökutæki, tölvur eða hluti úr náttúrunni.

Við nýtum lestur og söng í daglegu starfi til að kynna nemendur fyrir þulum, bókmenntum, sögum og ævintýrum. Einnig hvetjum við til eigin skáldskapar og með stuðningi aðferðarinnar Tákn með tali, aðstoðum við börn við að læra texta.

Við viljum að nemendur taki virkan þátt í að móta menningu leikskólans og því taka þeir þátt í undirbúningi ýmissa viðburða, svo sem Degi íslenskrar tungu, foreldrakaffi, vorboðum og öðru sem viðkemur leikskólanum.

Við kynnumst hljóðfærum og leikverkum. Við spinnum ný verk og skoðum hvað aðrir hafa búið til.

Söngvaflóð; samvinnuverkefni með tónlistarskólanum. Kemur fulltrúi frá Tónlistarskóla Akureyrar og spilar með okkur einu sinni í mánuði en unnið er með lög úr bókinni Trommur og töfrateppi eftir Soffíu Vagnsdóttur.

Jafnrétti:

Börninn læra að bera virðingu fyrir hvert öðru og öðrum. Við gerum jafnar kröfur og væntingar til drengja og stúlkna, hvaðan sem þau koma úr heiminum og hvaða húðlit sem þau bera. Þeir sem þurfa hjálpartæki eins og t.d gleraugu eða hafa önnur sérkenni, fá að hafa það upplýst og fordómalaust.

Lýðræði:

Börninn læra að umhyggja við aðra og að vinátta skiptir máli. Þau læra að fara eftir þeim reglum sem samfélagið setur okkur. Við kennum að það er gott og rétt að hafa skoðun og við lærum að gera málamiðlanir þannig að ólík viðhorf geti blómstrað.

<p>September:</p>	<p>Við kennum börnunum hvernig hópastarfið gengur fyrir sig, og hvað hópurrinn heitir</p> <p>Við kennum börnunum vinalagið ásamt því að notast við þau tákni sem laginu tilheyrja.</p> <p>Við kennum börnunum áherslumerki SMT</p> <p>SMT áherslan eru yfirreglurnar</p> <ul style="list-style-type: none"> -að fara eftir fyrirmælum -Hafa hendur og fætur hjá sér -nota inniröddina <p>8. Dagur læsis / bókadagur</p> <p>13. Starfsdagur – LOKAÐ</p> <p>15. Útidótadagur</p> <p>16. Dagur Íslenskrar náttúru</p> <p>20 Aðalfundur foreldrafélagsins</p> <p>22. Öfugsnúin dagur</p> <p>26. Evrópski tungumáladagurinn</p> <p>29. Grænn dagur – afmælisávextir</p>
<p>Október</p>	<p>Við skoðum breytingar sem verða í náttúrunni við árstíðarskipti, og gerum verkefni tengd því</p> <p>Í október er bleikur litur á uppákomudegi</p> <p>Hvert barn gerir sjálfsmynd</p> <p>SMT áherslan er matartímar.</p> <ul style="list-style-type: none"> -smakka allan mat -flokka, ganga frá og þakka fyrir sig <p>6. Söngsalur / Opið á milli deilda</p> <p>13. Hattadagur</p> <p>20. Bleikur dagur/ afmælisávextir</p> <p>21. Fyrsti vetradagur</p> <p>26. Bangsadagur</p> <p>27. Starfsdagur - LOKAÐ</p> <p>27. Alþjóðlegi bangsadagurinn</p> <p>30. Foreldraviðtalsvika Víðiholt</p>
<p>Nóvember</p>	<p>Við vinnum með tilraunir í Vísindaviku</p> <p>Við gerum stafa og litapekkingarpróf</p> <p>Fjólublár er litur mánaðarins</p> <p>Jólaundirbúningur hefst um miðjan mánuðinn</p> <p>Börnin gera jólagjöf fyrir foreldra sína, gera merkispjald og þakka gjöfinni inn.</p> <p>SMT áherslan er fataherbergi</p> <ul style="list-style-type: none"> -Ganga frá fötunum sínum -Vera á sínu svæði

	<p>30- 3 Foreldaviðtalsvika Víðiholt 3. Ljóðadagur 10. Söngsalur / Val 8. Baráttudagur gegn einelti 16. Dagur Íslenskrar tungu 17. Ömmu og afa kaffi 20. -24. Vísindavika 24. Starfsmannafundur – lokum 12:00 Fjólublár dagur / afmælisávextir</p>
Desember	<p>Börnin taka þátt í viðburðum sem þau ráða við, og hefð er fyrir í leikskólanum eins og laufabrauðsskurði, piparkökubakstri, jólaballi ofl. Hefðbundið hópastarf raskast að öllum líkindum eitthvað Rauður er litur mánaðarins SMT áherslan er samverustundir -Einn talar í einu -Hlusta -Vera á sínu svæði</p> <p>1. Fullveldisdagurinn 8. Jólahúfudagur 15. Litlujól – Jólaball 22. Rauður dagur / afmælisávextir 23. Þorláksmessa 24. Aðfangadagur 25. Jóladaður – LOKAÐ 26. Annar í jólum - LOKAÐ 31. Gamlársdagur – LOKAÐ</p>
Janúar	<p>Við leggjum sérstaka áherslu á sjálfsmynd og sjálfshjálp barnanna, Hvert barn gerir sjálfsmynd Við gerum okkur þorakórónu og fjöllum um árstíðina Brúnn er litur mánaðarins SMT áherslan er hópavinna -allir ganga frá</p> <p>1. Nýjársgdagur – LOKAÐ 5. Þrettándagleði 12. Söngsalur / Opið á milli deilda 15. Starfsmannafundur – OPNUM 12:00 19. Bóndadagur 25. Þorrablót 26. Brúnn dagur / afmælisávextir</p>
Febrúar	<p>Hendur og fætur stimplaðir á sjálfsmyndakarlana Bolludagur Sprengidagur Öskudagur Gleðivika</p>

	<p>SMT áherslan er Snyrting -gefa næði -sturta niður -þvo sér og þurrka</p> <p>2. Dagur stærðfræðinnar 5.- 9. Gleðivika 6. Dagur leikskólans 9. Söngsalur / Val 12. Bolludagur 13. Sprengidagur 14. Öskudagur 16. Vasaljósadagur 18. Konudagur 23. Foreldrakaffi 23. Grár dagur/ afmælisávextir 26. Starfsdagur – LOKAÐ</p>
Mars	<p>Búkur gerður á sjálfsmynda-karlana Við gerum stafa og litabekkingarpróf Blár er litur mánaðarins</p> <p>SMT áherslan er hvíld -hafa hljótt -vera á sínu svæði</p> <p>2. Dekurdagur 9. Söngsalur / Opið á milli deilda 16. Tuskudýradagur 19.-23. Foreldrasamtalsvika Víðiholt 23. Spiladagur 28. Gulur dagur / Afmælistaka 29. Skírdagur – LOKAÐ 30. Föstudagur Langi – LOKAÐ</p>
Apríl	<p>Hvert barn gerir sjálfsmynd Gulur er litur mánaðarins</p> <p>SMT áherslan er útsvæði -allir ganga frá</p> <p>1. Páskadagur 2. Annar í páskum – LOKAÐ 2. Dagur einhverfunar 3. Blár dagur v/ dag einhverfunar 13. Starfsmannafundur – LOKAÐ 12:00 18. Náttfatadagur 19. Sumardagurinn fyrsti – LOKAÐ 20. Bókadagur v/ dag barnabókarinnar 23. Dagur barnabókarinnar 27. Afmælisávextir</p>

Maí	<p>Vorboð undirbúin og haldin</p> <p>Appelsínugulur er litur mánaðarins</p> <p>SMT áherslan er ferðir -vera á sínum stað í röðinni</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Verkalýðsdagur – LOKAÐ 3. Vorboð 4. Vorboð 7. Vorboð 8. Vorboð 9. Vorboð 10. Uppstigningardagur – LOKAÐ 11. Starfsdagur – LOKAÐ 17. Sveitaferð 18. Söngsalur /val 20. Hvítasunnudagur 21. Annar í hvítasunnu – LOKAÐ 24. Útskrift elstu barnanna 25. Appelsínugulur dagur / afmælisávextir
Júní	<p>Grænn er litur mánaðarins</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Búningadagur 3. Sjómannadagurinn 8. Olympíuleikar barnanna 15. Afmælishátíð Pálmholts 16. Afmæli Pálmholts – sex ára 17. Lýðveldisdagurinn 22. Útidótadagur 29. Grænn dagur / afmælisávextir